

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 3. gr.
 - a. Á eftir 5. mgr. a-liðar (VIII.) komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.
 - b. 6. mgr. a-liðar (VIII.) orðist svo:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.
 - c. Við a-lið (VIII.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.
 - d. Orðin „samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII“ í 1. mgr. b-liðar (IX) falli brott.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laganna er heimilt að draga allt að 6% frá af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.
3. 6. gr. falli brott.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.